# ✉️ Re: FW: Ósk um umsögn – lýsing að breytingu á aðalskipulagi

| | |
|---|---|
| Búið til | 7.3.2023 16:13:05 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 7.3.2023 16:13:04 |
| Tilheyrir | 202302-0042 - Breyting á legu þjóðvegar við Borgarnes – skipulagslýsing - ósk um umsögn. |

## Efni

Re: FW: Ósk um umsögn – lýsing að breytingu á aðalskipulagi

## Upplýsingar / Vinnsla

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sent | 7.3.2023 16:13:04 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42.3 Umsagnir um skipulagstillögur | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | skipulag@borgarbyggd.is |
| Cc | eydis.l.finnbogadottir@ni.is |
| Bcc | Anna.Sveinsdottir@ni.is |

## Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202302-0042 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar, dags. 22. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi vegna breytingu á legu þjóðvegar við Borgarnes og stækkun íbúðarsvæðis.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna sem gefur fremur litlar upplýsingar um nákvæma legu áætlaðs íbúðarsvæðis en stillir fram valkostum um legu þjóðvegarins. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Borgarbyggðar er gert ráð fyrir færslu þjóðvegarins suður og austur fyrir byggðina.
Framkvæmd á þessari vegfærslu hefur ekki gengið undir mat á umhverfisáhrifum og því áhugavert að stefnt er að því að vinna aðalskipulagsbreytinguna áður en umhverfismat framkvæmdarinnar, með tilheyrandi valkostamati, er unnið.

Ljóst er að allir valkostir um færslu hringvegar, nema tillaga 1-2 sem gerir ekki ráð fyrir færslu suðaustur fyrir byggðina, munu valda miklu raski á leirusvæðum sem og öðrum fjörusvæðum og þar af leiðandi líklega töluvert neikvæðum áhrifum fyrir lífríki svæðisins. Að mati Náttúrufræðistofnunar verður að framkvæma

ítarlegar náttúrufarsrannsóknir á svæðinu þar sem lagt er mat á grunnástand helstu náttúrufarsþátta sem og á áhrif framkvæmdarinnar. Meðal þess sem þarf að rannsaka er fuglalíf, botndýralíf, gróður, jarðminjar og áhrif á landslag og hvort ólíkir valkostir hafi mismunandi áhrif á t.d. vistgerðir, fæðuöflunarsvæði fugla, jarðminjar o.fl.

Ef af skipulagstillögunni verður ætti einnig að horfa til mótvægisaðgerða sem m.a. geta falist í öflugri verndun á sambærilegum svæðum. Þar má nefna að vestan við Borgarnes eru lífrík fjörusvæði sem eru innan tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár. Tillagan “Mýrar-Löngufjörur” er víðfeðm enda strandsvæði á Mýrum og yst í Borgarfirði eitt af mikilvægustu svæðum landsins fyrir líffræðilega fjölbreytni. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti hiklaust að horfa til friðlýsingar eða friðunar vistgerða og búsvæða fugla á svæðum eins og í Borgarvogi, Langárós, Straumfirði og víðar sem mótvægisaðgerðir við röskun svæða sunnan og austan byggðar ef af færslu hringvegarins verður.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um nauðsynlegar náttúrufarsrannsóknir og skipulagstillöguna almennt og áskilur sér einnig rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
..........................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (http://www.ni.is/)

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Skipulagsfulltrúinn" <skipulag@borgarbyggd.is>
**To:** "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurdsson@ni.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
**CC:**
**Subject:** FW: Ósk um umsögn – lýsing að breytingu á aðalskipulagi
**Date:** 22.2.2023 09:59:33

Góðan dag

Auðvitað átti að standa **9. mars 2023** en ekki febrúar í dagsetningu umsagnarfrests. Þetta leiðréttist hér með.

**Bestu kveðjur / Best regards**
Þóra Margrét Júlíusdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála
+354 433-7100
skipulag@borgarbyggd.is (mailto:skipulag@borgarbyggd.is) / www.borgarbyggd.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C43c13dd9b4f343e2f95208db14bb6052%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638126567736482522%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=YES1FTUUmV1qBhy%2FheIkZp5SrERvsUARUIiFJKoU4mM%3D&reserved=0)
www.facebook.com/borgarbyggd (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.facebook.com%2Fborgarbyggd&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C43c13dd9b4f343e2f95208db14bb6052%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638126567736482522%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=wxN63v7e7UIH6PBVFLIhuK2NaBYXaEgzLUbecGTKvUo%3D&reserved=0)
www.borgarbyggd.is/is/fyrirvari (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2Fis%2Ffyrirvari&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C43c13dd9b4f343e2f95208db14bb6052%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638126567736482522%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=hCasJgheLYBMNfabTuv3mEdMXZHm6N4wnVeeUzdbrNQ%3D&reserved=0)

---

**From:** Þóra Júlíusdóttir
**Sent:** 21.02.2023 14:02:00
**To:** Snorri Sigurðsson - NI ;ni@ni.is
**Subject:** Ósk um umsögn – lýsing að breytingu á aðalskipulagi

Góðan dag
Efni: **Breyting á legu þjóðvegar við Borgarnes** – skipulagslýsing
**Varðar umsögn um lýsingu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**
Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 9. febrúar 2023 að auglýsa lýsingu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, Breyting á legu þjóðvegar við Borgarnes.
Umsagnafrestur er til og með **9. febrúar 2023**.
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar verði þess óskað.
Hægt er að senda tölvupóst á skipulag@borgarbyggd.is (mailto:skipulag@borgarbyggd.is) eða hringja í síma 433 7100.
Meðfylgjandi:
Ósk um umsögn dags. 21. febrúar 2023
Skipulagslýsing dags. janúar 2023 – gögn á heimasíðu, tengill Skipulagsauglýsingar | Borgarbyggð (borgarbyggd.is) (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2Fis%2Fthjonusta%2Fskipulagsmal%2Fskipulagsauglysingar%2Fbreyting-a-legu-thjodvegar-vid-borgarnes&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C43c13dd9b4f343e2f95208db14bb6052%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638126567736482522%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=Mj7jb72lXWXpfgTIJ93lIhnNFHBTynBbbUbZm7vaRMU%3D&reserved=0)

**Bestu kveðjur / Best regards**
Þóra Margrét Júlíusdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála
? +354 433-7100
skipulag@borgarbyggd.is (mailto:skipulag@borgarbyggd.is) / www.borgarbyggd.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C43c13dd9b4f343e2f95208db14bb6052%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638126567736482522%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=YES1FTUUmV1qBhy%2FheIkZp5SrERvsUARUIiFJKoU4mM%3D&reserved=0)
www.facebook.com/borgarbyggd (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.facebook.com%2Fborgarbyggd&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C43c13dd9b4f343e2f95208db14bb6052%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638126567736638766%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=szDpUASnQaFQo%2F%2FSvU0mT45pCFZrzFiKdugaO71UvyE%3D&reserved=0)
www.borgarbyggd.is/is/fyrirvari (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2Fis%2Ffyrirvari&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C43c13dd9b4f343e2f95208db14bb6052%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638126567736638766%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=ZQH9aIGw2pJB7CvLY%2FQIHk5TKkLWyjoMS5ctmeexOAs%3D&reserved=0)